



12. desember 2022  
Tilv.: 2212021

Númer: 39/2022

Dreifibréf til verðbréfafyrirtækja og viðskiptavettvanga

*Efni:* Viðmiðunarreglur ESMA um tilkynningu viðskipta, skráahald og samstillingu viðskiptaklukkna MiFID II.

Evrópska verðbréfaeftirlitsstofnunin (ESMA) hefur gefið út viðmiðunarreglur (e. guidelines) um skyldu til að tilkynna viðskipti, skyldu til að halda skrár og samstillingu viðskiptaklukkna ([ESMA/2016/1452](#)), skv. tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. [2014/65](#) um markaði fyrir fjármálagerninga (MiFID II). Viðmiðunarreglurnar tengjast einnig reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. [600/2014](#) frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga (MiFIR). Tilskipunin og reglugerðin voru innleidd í íslensk lög með lögum nr. [115/2021](#) um markaði fyrir fjármálagerninga.

Viðmiðunarreglurnar voru kynntar fyrir fjármálafyrirtækjum á kynningarfundum fjármálaeftirlitsins í tengslum við innleiðingu TRS II kerfisins 8. desember 2017. Þar var óskað eftir því að aðilar myndu kynna sér efni þeirra og taka mið af þeim í starfsemi sinni og þeir upplýstir um að fjármálaeftirlitið myndi styðjast við þær við eftirlit.

Viðmiðunarreglurnar snúa að 26. gr. MiFIR um skyldu til að tilkynna viðskipti, 25. gr. MiFIR um skyldu til að halda skrár og 90. gr. laga nr. 115/2021 (50. gr. MiFID II) um samstillingu viðskiptaklukkna.

Viðmiðunarreglunum er jafnframt ætlað að vera til fyllingar við framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/580 er varðar tæknilega eftirlitsstaðla til að halda utan um viðeigandi gögn að því er varðar tilboð með fjármálagerninga, framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/590 er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um skýrslugjöf um viðskipti til lögbærra yfirvalda og framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/574 er varðar tæknilega eftirlitsstaðla fyrir nákvæmnistig viðskiptaklukkna. Framseldu reglugerðirnar voru teknar upp á Íslandi með reglum Seðlabanka Íslands nr. 854/2022 um umgjörð viðskipta með fjármálagerninga og reglum nr. 852/2022 um skipulagskröfur fyrir viðskiptavettvanga.

Viðmiðunarreglurnar ná til starfsemi verðbréfafyrirtækja, viðskiptavettvanga og viðurkenndra skýrslugjafakerfa. Reglunum er skipt upp í eftirfarandi fjóra hluta:

**I. hluti - Almennar meginreglur.** Almennar meginreglur eru settar fram sem eiga við um skyldu til að tilkynna um viðskipti. Þar á meðal er útskýrt

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Kalkofnsvegi 1 101 Reykjavík www.sedlabanki.is 569 9600 sedlabanki@sedlabanki.is

hvernig tilkynningar skuli uppbyggðar og við hvaða aðstæður skuli senda tilkynningar um viðskipti. Einnig er almenn aðferðarfræði við tilkynningar viðskipta sett fram og frekari leiðbeiningar gefnar varðandi undanþágur sem tilgreindar eru í 5. mgr. 2. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) nr. 2017/590.

**II. hluti - Bálkar** (e. blocks). Þessi hluti nær til bálka (samansafn reita<sup>1</sup>), þar sem hver bálkur er tengdur viðeigandi reitum fyrir tiltekin efnisatriði, með sýnidæmum um útfyllingu. Bálkanir eru byggðir upp sjálfstætt frá hver öðrum.

**III. hluti - Sviðsmyndir.** Sýnidæmi eru gefin fyrir mismunandi sviðsmyndir viðskipta sem skilaaðili gæti þurft að tilkynna um. Sérstaklega er horft til framkvæmdar viðskiptafyrirmæla og framkvæmdar samansafns viðskiptafyrirmæla.

**IV. hluti - Tól og tæki.** Í þessum hluta er áhersla lögð á leiðbeiningar fyrir tilkynningar vegna ólíkra fjármálagerninga. Flest sýnidæmin snúa að afleiðum þar sem slíkir fjármálagerningar hafa oft meira flækjustig.

Samkvæmt 3. mgr. 16. gr. ESAs reglugerðanna, sem innleiddar voru með lögum nr. 24/2017 um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði, eiga lögbær yfirvöld og viðkomandi eftirlitsskyldir aðilar að leita allra leiða til að fara að viðmiðunarreglum eftirlitsstofnananna og almennum tilmælum.

Dreifibréf þetta verður birt á heimasíðu Seðlabankans ásamt slóð á enska útgáfu viðmiðunarreglnanna. Með því tilkynnist að fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands mun framvegis styðjast við viðmiðunarreglurnar við eftirlitsframkvæmd og er því beint til verðbréfafyrirtækja, viðskiptavettvanga og viðurkenndra skýrslugjafakerfa að kynna sér efni þeirra og styðjast við þær í starfsemi sinni eftir því sem við á.

Virðingarfyllst,

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Fjármálaeftirlit

  
Páll Friðriksson

framkvæmdastjóri  
markaðir og viðskiptahættir



Finnur Loftsson  
lögfræðingur  
markaðir og viðskiptahætti

---

<sup>1</sup> e. collection of fields